STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 2000

9. mars 2000 391 Nr. 149

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, Vatnsendablettur 241a.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992 - 2012, frá 29. apríl 1994.

Breytingin tekur til landnotkunar einnar lóðar sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreind sem opið svæði en verður íbúðarlóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 9. mars 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

Stjórnartíðindi B 31, nr. 149. Útgáfudagur 10. mars 2000.

Gutenberg